

FRÉTTATILKYNNING:

Sýningu Steingríms Eyfjörð á Feneyjatvíæringnum lokið

Nú er lokið 52. Tvíæringnum í Feneyjum þangað sem þjóðir heims senda annað hvert ár fulltrúa sína og listunnendur, safnstjórar og gagnrýnendur koma hundruðum þúsunda saman að kynna sér það nýjasta og áhugaverðasta í myndlist. Sérstakt sýningarsvæði var fyrir löngu tekið frá í Feneyjum undir sýningarskálana en hin síðari ár hefur þátttakendum fjölgað svo að sýningarnar dreifast nú um alla borgina. Fulltrúi Íslands þetta sinn var Steingrímur Eyfjörð og var yfirskrift sýningar hans *Lóan er komin*. Sýningin vakti mikla athygli og alls sóttu hana um 30.000 manns.

Fyrstu Íslendingar sem tóku þátt í Tvíæringnum voru Ásmundur Sveinsson og Jóhannes Kjarval en verk eftir þá voru í Feneyjum 1960. Þeir fjórir listamenn sem fóru næst á undan Steingrími Eyfjörð voru Gabríela Friðriksdóttir (2005), Rúi (2003) og Finnbogi Pétursson (2001). Þau sýndu í skála á sýningarsvæðinu sem leigður var af Finnum en þetta skipti höfðu Finnar ákveðið að nýta hann sjálfir og var sýningu Steingríms því fundinn staður í virðulegu aldagömlu húsi, Palazzo Bianchi Michiel, við stóra síkið í borginni þar sem nær öll umferð fer fram hjá. Þar var sýningin í mun stærra rými en áður hafði boðist.

Steingrímur á að baki þriggja áratuga feril í myndlist. Hann var einn af stofnendum Gallerís Suðurgötu 7 og tók virkan þátt í þeirri gerjun sem átti sér stað í Reykjavík undir lok áttunda áratugarins þegar hugmyndalist fór að ná fótfestu á Íslandi. Hann leitar víða fanga og hefur þróað með sér sérstaka framsetningu sem sameinar teikningar, texta, ljósmyndir, skúlptúr og jafnvel myndbönd í ýtarlegri úrvinnslu á viðfangsefninu hverju sinni. Í Feneyjum tóks Steingrímur á við sjálfsmyndir þjóða og dró fram ýmsar hliðar á því hvað við teljum felast í því að vera Íslendingur. Lóan sem sýningin er kennd við er þar eitt dæmi, vorboðinn sem við bíðum eftir á hverju ári. Á sýningunni mátti sjá bronsmynd af lóunni og ýmis gögn, afrit af fréttum blaða af fyrstu lóunni og margháttaðar aðrar tilvísanir. Eitt lykilverk á sýningunni var kró eða stífa fyrir kind, smíðuð eftir nákvæmum fyrirmálum álfa sem Steingrímur setti sig í samband við gegnum skyggna konu og keypti af kind fyrir brýni, eins og fordæmi eru fyrir í þjóðsögum. Þessu fylgdi ýmislegt annað efni tengt upplifun Íslendinga af álfum og úr myndbandsverki hljómaði álfkonukvæði um salinn, sungið af

Ólöfu Arnalds. Í salnum var mikið að skoða eins og ávallt á sýningum Steingríms og má sjá í gestabók að áhorfendum hefur líkað það vel.

Gagnrýnendur og fjölmiðlar tóku sýningunni vel og til dæmis taldi Laura Cummings, gagnrýnandi *Observer* í Bretlandi, hana vera eitt skemmtilegasta framlagið á Tvíæringnum þetta skiptið og kallar hana „sprenghlægilega ævintýraferð sem ýkir hefðir landsins“. Gagnrýnandi *Kunstzeitung* í Þýskalandi sagði Steingrím koma á óvart „með skýrri og yfirgripsmikilli framsetningu og nákvæmri reglu ... Þessi nákvæmni styður hina hægfara úrvinnslu hugsana og efnis sem verk hans og textar kalla fram.“ Þá segir í *Kunstforum International*: „[þetta er] stór einkasýning og alls staðar spretta fram í henni frásagnir svo hún verður ekki gripin í einu veffangi. Hún er margræð og vísar í ýmsar áttir og víkur sér undan öllum formrænum eða hugmyndafræðilegum tilraunum til greiningar og túlkunar.“

Gefinn var út vegleg sýningarskrá þar sem í var að finna myndir og upplýsingar um sýninguna, auk alls konar ítarefnis og umfjöllunar. Þá gaf Kynningarmiðstöð út sérstaka prentútgáfu af tímaritinu List sem annars er alla jafna gefið út á netinu. Þar var að finna greinar um Steingrím Eyfjörð og sýningu hans og ýmsar aðrar greinar og viðtöl um samtímamyndlist á Íslandi og þátttöku Íslands í Tvíæringnum frá upphafi.

Þótt sýningunni í Feneyjum sé nú lokið mun Íslendingum bjóðast tækifæri til að sjá hana í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, í janúar 2008. Listasafnið hefur jafnframt keypt verkið um álfakindina. Þá hefur verið mikill áhugi á list Steingríms í kjölfar sýningarinnar. Hann er kominn í samstarf við Max Protetch gallerið, eitt það öflugasta í New York um þessar mundir, og verið er að skoða möguleika á þátttöku hans í stórsýningum á borð við Manifesta og tvíæringin í Berlín.

Stuðningur hér heima við sýningu Steingríms í Feneyjum var mikill. Til viðbótar við menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg, lögðu mörg fyrirtæki til fé og aðstoð. Sýningarstjóri var Hanna Styrmsdóttir en Dr. Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar, stýrði framkvæmd verksins.